

Ræða formanns

Þingforseti, gestir þingsins og kæru vinir.

Hér verður flutt ávarp formanns stjórnar, ég var að spá hvort svona síðasta ávarpið gæti ekki bara heitið Andvarp formanns, sérstaklega í ljósi þess að maður upplifir sig taka eitt skref áfram og eitt skref aftur á bak í öllum málum. Þannig að hér kemur andvarp!

En lítum aðeins til framtíðar. Árið er 2060 og við erum þessir elstu menn sem muna. Stór hluti kjörinna fulltrúa fæddist á árunum 2010-2030. Að sjálfsögðu er ennþá verið að ræða hluti eins og samgöngur, fjarskipti og orkumál, fyrr má nú vera því við þurfum að vera samkeppnishæf við kröfur samtímans.

Þær ákvarðanir sem við tökum hér í dag eru ákvarðanir sem munu skipta þessa framtíðar kjörnu fulltrúa máli, (þó sumir þeirra séu jafnvel ekki fæddir enn) getum við kannski sleppt því að vera kjörnu fulltrúarnir sem ákváðu að berjast fyrir einhverri brú sem enginn veit lengur afhverju er þarna og framtíðin skilur bara ekki hvað við vorum að spá.

Í nóvember verður Fjórðungssamband Vestfirðinga 75 ára! Og ég held við eigum aðeins og staldra við og taka forskot á sæluna og klappa fyrir afmælisbarninu (því hver veit hvað kemur í kjölfarið á þessu þingi....mörg erfið mál á dagskrá...). En á fjórðungsþingi fyrir 75 árum var rætt:

- Landhelgi Íslands (og við erum með ályktun um landamæraeftirlit)
- Samgöngur (nokkrar ályktanir um samgöngur)
- Fjarskipti (ályktun um farnet tetra)
- Orkumál (ályktun um Gálmaströnd)

- Og menntaskóla á Ísafirði, ég veit ekki hvort þið munið eftir öllum tölvupóstunum á þessu ári í kringum verknámshús.

Þannig að við erum ennþá í svipuðum dúr og þá, og verðum sennilega að því líka árið 2060 og kannski er það allt í lagi.

En við erum að fara að tala um orkumál og samgöngur í svæðisskipulaginu og við þurfum að útkljá nokkur mál 😊 Það eru alveg tveir fílar í herberginu sem við þurfum að éta. EN HVERNIG ÉTUR MAÐUR FÍL! Einhversstaðar heyrði ég einn bita í einu, en ég hef svo sem aldrei étið fíl og á sennilega aldrei eftir að gera það, en þessir fílar í herberginu VIÐ verðum að tala um þá og ég ætla að gerast svo djörf að nefna þá.

Álftafjarðargöng eða suðurfjarðargöng

Og virkjun í Vatnsdal

Nú þurfið þið aðeins að hlusta á tuð formanns. Auðvitað er besti kosturinn að við fengjum bara efstu 3 göngin á jarðgangnaáætlun, auðvitað er fáránlegt að það eru engin göng í gangi akkurat núna, auðvitað er fáránlegt að það sé leki á fjármagni sem átti að fara í samgöngur á Vestfjörðum en fóru í Hornafjarðarfljót og svo allt í einu eru Fljótagöng komin í einhverja flýtimeðferð.

Það er svo ferlegt að geta bara ekki treyst á að ríkið þjónusti okkur og fáránlegt að það sé verið að bora færri kílómetra á ári sem voru 0 kílómetrar á ári undanfarin 4

ár. Ég hefði líka alveg glöð tekið við þessum milljörðum sem fóru í

Hornafjarðarfljótið. En fyrst þessi staða er uppi og það virðist ekki vera sjáanleg lausn þá þurfum við að koma okkur að einhverri niðurstöðu og við verðum að fara fram á að rannsóknir hefjist strax. Þannig að ekki vera hrædd við að ræða málin og takast á.

Ég er alveg búin að heyra að ég er BARA tólmstundafræðingur sem vill að fólk komist að sameiginlegri niðurstöðu en þá þurfum við að spyrja okkur, HVER ER

GJALDMIÐILLINN? Og við verðum að fara inn í samtalið með það í huga, því við vitum alveg að það verða ekki boruð mörg göng í einu á Vestfjörðum. En hver er þá gjaldmiðillinn og hvað þurfa samfélögin í staðin á meðan við bíðum næstu 20 árin eftir göngum? Er hægt að finna aðrar lausnir sem við getum sameinast um? Hver er gjaldmiðillinn fyrir að vera með virkjun eða vera ekki með virkjun í Vatsfirði. Hvað kostar það samfélögin að gera ekki neitt næstu 20 árin. Kannski er gjaldmiðillinn að Fertram bjargar okkur bara. Ég veit ekki þennan gjaldmiðil en við getum ekki ætlast til að fá allt á kostnað einhvers annars. (Þið munið ég er bara tómstundafræðingur).

Þannig að ég hvet ykkur til að taka þetta samtal óhrædd á þessu þingi en með lausnamiðaða hugsun, ég er nefnilega með nýtt mottó sem ég stal af góðum manni. „Ég ætla að vera hluti af lausninni en ekki hluti af vandamálinu”

Ég var svo hissa að þegar ég byrjaði í pólitík þá er stundum að vinna með sveitarfélögunum eins og að vinna með börnum með samskiptavanda. Það hafa allir rétt fyrir sér. En ekki að undra þið eruð öll kjörnir fulltrúar sem eru sérstaklega valdir af heimasveitarfélögum að gera allt til að gæta hagsmuna þíns sveitarfélags þannig að ég skil ykkur að leggja fram ályktanir sem tengjast ykkar sveitarfélagi, það er þess vegna sem þið eruð í sveitarstjórn.

En nú ætla ég að hætta að barma mér og fara að tala um eitthvað skemmtilegt áður en ég svæfi ykkur. Eða áður en allir verða orðnir pirraðir, gæti verið frábær fyrirsögn á BB fráfarandi formaður fjórðungssambandsins þurfti að flýja af vettvangi fjórðungspings.

Ein sturluð staðreynd: Ég hef lesið fleiri metra af skýrslum um samgöngur og orkumál á Vestfjörðum heldur en metrar af jarðgöngum sem hafa verið boraðir undanfarin 4 ár. Og þetta er sannleikur.

Undanfarin tæp 4 ár hef ég fengið þann heiður að bera þann virðulega titil formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga. Ég er ekki frá því að ég hafi vaxið sem

manneskja að fá að sinna þessu starfi, þá sérstaklega vegna þess að ég hef fengið að starfa með einhverjum besta mannauði sem Ísland hefur upp á að bjóða. Bæði starfsfólki Vestfjarðastofu, stjórninni og öðrum kjörnu fulltrúum á Vestfjörðum. Og mig langar aftur að biðja ykkur að klappa fyrir þessu frábæra fólki og ykkur sjálfum.

Ég er þess vegna aðeins meir að kveðja þetta starf og ég þarf örugglega að fara í einhverja aðlögun eða meðferð við því að heyra ekki í Aðalsteini og Sirrý oft í hverri viku. Þetta er þvílík menntun sem verður aldrei metin til fjár!

En ég ætla að leyfa mér að vera aðeins dramatísk og sýna ykkur þessa frábæru bók. Strákurinn, refurinn, moldvarpan og hesturinn.

En hún er full af svona hugvekjandi frösum sem fá mann til að kunna að meta sjálfan sig og fólkið í kringum sig.

- „Hvað heldur þú að sé mesta tímasóunin? “ „Að bera sig saman við aðra.“ sagði strákurinn.
- „Okkar mesta frelsi felst í því hvernig við bregðumst við því sem gerist.“
- „Við erum öll svolítið hrædd“ sagði hesturinn „en við erum minna hrædd ef við erum saman.“
- „Hvenær ertu allra sterkastur?“ spurði strákurinn „Þegar ég þori að sýna veikleika, þú ert ekki að gefast upp þótt þú biðjir um hjálp,“ sagði hesturinn „þú ert að neita að gefast upp.“ Sagði hesturinn.
- „Refurinn talar eiginlega aldrei neitt.“ Hvíslaði strákurinn. „Í sannleika sagt þá finnst mér ég oft ekki hafa neitt áhugavert að segja,“ sagði refurinn. „Sannleikurinn er alltaf áhugaverður.“ Sagði hesturinn.
- „Er glasið þitt hálf tómt eða hálf fullt?“ Spurði moldvarpan. „Ég held að ég sé bara þakklátur fyrir að eiga glas.“ Sagði strákurinn.

En ég er þakklát fyrir að hafa fengið það traust að gegna þessu hlutverki formanns, hlakka til að vera með ykkur hérna í dag og vonandi getum við verið við sjálf og kunnað að meta hvort annað þrátt fyrir að vera ólík.